


Hinsegin tölfræði í umgengnismálum

Foreldrar geta samið um hvernig skipa skuli umgengnisrétti ef barn á fasta búsetu hjá öðru foreldra sinna og geta óskað staðfestingar sýslumanns á slíkum samningi sbr. 4. mgr. og 6. mgr. 46. gr. barnalaga nr. 76/2003. Samkvæmt 47. gr. barnalaga tekur sýslumaður jafnframt ákvörðun um umgengni ef barn á fasta búsetu hjá öðru foreldra sinna þegar foreldra greinir á um umgengni.

Samkvæmt 2. mgr. 72. gr. barnalaga er sýslumanni heimilt með skriflegum hætti að synja úrskurðarbeiðanda um úrlausn málsins hafi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um að leggja fram gögn sem sýslumaður telur þörf á til úrlausnar málsins ekki verið sinnt sbr. 1. mgr. 72. gr. laganna.

Vakin er athygli á því að árið 2012 var lögfest skylda foreldra til að leita sátta skv. 33. gr. a. barnalaga áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför. Takist sættir milli foreldra geta málalyktir verið með þeim hætti að þær leiði til staðfestingar samnings um umgengni, samnings sem foreldrar óska ekki staðfestingar á, eða afturköllun málsins af hálfu úrskurðarbeiðanda. Þá er úrskurðarbeiðanda heimilt að afturkalla málið á hvaða stigi þess sem er, óháð því hvort sættir hafi tekist um ágreining foreldra eður ei.

Hér fyrir neðan er tölfræði yfir lyktir þeirra mála er varðað hafa ágreining samkynja foreldra um umgengni annars þeirra við barn/börn á tímabilinu frá janúar 2015 til september 2023.



Tölfræði embætta sýslumanna á landsvísu

Útgefandi: Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Ritstjórn: Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Tölfræði er aðeins gefin út á rafrænu formi og birt á vefsvæði sýslumanna á island.is